

ÞEMANÁM Í HÖRÐUVALLASKÓLA

AF HVERJU ÞEMANÁM?

Í gildandi aðalnámskrá er lögð áhersla á lykilhæfni og grunnþætti menntunar. Þessir þættir snúast um að efla einstaklinginn, hjálpa honum að vinna miðað við eigin getu og áhugasvið, vera gagnrýnin og skapandi.

Við lifum í heimi sem breytist mjög hratt og hæfni sem við vitum að nýtist nemendum okkar til framtíðar þarf að vera grunnurinn af okkar starfi. Þetta er sameiginleg sýn menntayfirvalda í Evrópu og sífellt fleiri skóla á Íslandi.

Margir skólar hafa tekið upp mismunandi útgáfu á samþættingu. Þekktasta dæmið í dag er leiðin sem Langholtsskóli hefur verið að vinna með undanfarin ár og þróa og kallast Sprellifix. Þessi aðferð hefur verið tekin upp í mörgum skólum og eru t.d báðir nágrannaskólar okkar byrjaðir að samþætta kennslugreinar en þó með mismunandi áherslum þar sem annar hefur verið að vinna með sömu hugmynd og Langholtsskóli.

Við ætlum að fara okkar eigin leið þar sem við tökum það besta af mörgu. Í þessum bæklingi förum við aðeins yfir hugmyndina á bak við þessar breytingar og hvernig við sjáum fyrir okkur að framhaldið verði.

UPPHAFIÐ HJÁ OKKUR

Við viljum alltaf fylgjast vel með því sem best er gert og skilar áframhaldandi góðum árangri til nemenda okkar. Við fylgjumst því vel með hvað aðrir skólar eru að gera og máttum það við það sem við viljum ná fram.

Skólaþróun er gríðarlega ör núna og mjög margt í boði en við erum sammála um að allar breytingar verði að hafa þann tilgang að undirbúa nemendur okkar sem best fyrir það sem koma skal. Fræðimenn hafa verið að benda okkur á að það sé mikilvægt að við undirbúum nemendur fyrir þeirra framtíð en ekki okkar fortíð.

Við heyrðum af vel heppnaðri tilraun í Grundaskóla á Akranesi og fórum nokkur þangað í heimsókn. Þar sáu við að nemendur voru áhugasamir, voru að vinna með námsefnið á skemmtilegan hátt, voru að læra að taka ábyrgð á eigin námi, fengu að taka þátt í skipulagi vikunnar og ýmislegt annað sem gerði þá frekar að gerendum í eigin námi en bara þiggjendum.

Þetta er form sem við ætlum að notast áfram við á unglingastigi þegar nemendurnir fara þangað þannig að nemendur í 7. bekk halda áfram þar til þeir útskrifast.

HVAÐ GERA NEMENDUR?

Nemendum verður ekki hent út í djúpu laugina eða þurfa að byrja strax að bera ábyrgð, vera gagnrýnin eða sýna einhverja hæfni sem ekki hefur verið þjálfuð í skólanum hingað til.

Þeir verða leiddir í gegnum þetta skref fyrir skref til að byrja með og smá saman fá þeir meira um nám sitt að segja.

Námsbækur munu ekki stýra kennslunni, heldur verða nýttar sem hluti af öllu öðru sem hægt er að nýta í verkefnunum.

Hvert verkefni stendur yfir í nokkrar vikur og endar hvert verkefni á sýningu fyrir foreldra og aðra nemendur.

Nemendur eru þjálfaðir í samvinnu, að setja upp kynningar, hugsa á skapandi hátt, nýta tækni í meira mæli (ekki bara spjaldtölvurnar) og þeir fá t.d. kennslu í upplýsingatækni (t.d. töflureiknum).

Fyrsta verkefnið heitir **Hver er ég í hinum stóra heimi, hvert er hlutverk mitt og hver er ábyrgð mín.** Inn í þetta fléttast svo öll bókleg fög sem hafa alltaf verið kennd í þessum árgangi.

HVERNIG GETA FORELDRAR FYLGST MEÐ?

Það er vilji kennara að foreldrar fái eins ítarlegar upplýsingar um verkefnin og mögulegt er. Verkefnin fara inn á Google Classroom þar sem hægt verður að sjá þau. Allt mat á verkefnum fer svo inn á Mentor og verða verkefnin metin samkvæmt þeim hæfniviðmiðum sem nemendum fá kynningu á í upphafi hvers verkefnis. Nemendur eru því vel upplýstir um hvernig þeir verða metnir að loknu verkefni áður en þeir byrja það. Einnig munu kennarar senda reglulega heim pósta um þróun verkefnanna ásamt öðrum praktískum upplýsingum eins og skólasókn og fréttum af skólasterfinu.

ATHYGLISVERÐIR TENGLAR SEM ÚTSKÝRA ÞEMANÁM OG BREYTTAR ÁHERSLUR Í NÁMI OG KENNSLU

[Um Langholtsskólaleiðina](#) og [um þemanám í Hólabrekkuskóla](#)

[Ingvi Hrannar Menntafrömuður um nútíma nám](#)

[Sir Ken Robinson útskýrir af hverju við þurfum að breyta skólakerfinu](#)

[Jack Ma um af hverju við þurfum að breyta](#)